

Fornbýlið Skógtjörn við Miðskóga á Álftanesi

Fornleifakönnun á bæjarhól

Guðmundur Ólafsson og Kristinn Magnússon



3

Fornbýlið Skógtjörn við Miðskóga á Álftanesi

Fornleifakönnun á bæjarhól

Guðmundur Ólafsson og Kristinn Magnússon



Ljósmynd á forsíðu: Horft til suðurs yfir skipulagssvæðið. Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir fjórum lóðum á grasivaxna svæðinu meðfram stígunum. Húsið á myndinni er Tjarnarland. Bæjarhóll Skógtjarnar er til hægri við húsið.

© 2001 Þjóðminjasafn Íslands / Guðmundur Ólafsson og Kristinn Magnússon.
Öll réttindi áskilin.

ISSN 1560-8050

Prentun/umbrot: Gutenberg - Hraðlestin

Efnisyfirlit

Contents

Aðdragandi	5
Úr sögu Skógtjarnar	8
Vettvangsrannsókn	8
Lýsing skurða og sniða:	9
Funda og sýnaskrá	11
Niðurstaða rannsókna	12
Heimildir	12
Fornleifaskrá	13
Tilgangur fornleifaskráninga	13
Tegund, hlutverk, heiti og heimildir	14
Skógtjörn - 181142-195	14
Skógtjörn - 181142-195-1 Bústaður	14
Skógtjörn - 181142-195-2 Túngarður	14
Skógtjörn - 181142-195-3 Landamerki	15
Skógtjörn - 181142-195-4 Landamerki	15
Skógtjörn - 181142-195-5 Landamerki	15
Skógtjörn - 181142-195-6 Brunnur	15
Skógtjörn - 181142-195-7 Leið	15
Skógtjörn - 181142-195-8 Garður	15
Skógtjörn - 181142-195-9 Vegur	15
Skógtjörn - 181142-195-10 Þurrabúð	15
Skógtjörn - 181142-195-11 Gerði	15
Skógtjörn - 181142-195-12 Þurrabúð	16
Skógtjörn - 181142-195-13 Gerði	16
Skógtjörn - 181142-195-14 Þurrabúð	16
Skógtjörn - 181142-195-15 Gerði	16
Skógtjörn - 181142-195-16 Þurrabúð	16
Skógtjörn - 181142-195-17 Gerði	16
Skógtjörn - 181142-195-18 Þurrabúð	16
Skógtjörn - 181142-195-19 Gerði	16
Skógtjörn - 181142-195-20 Þurrabúð	16
Skógtjörn - 181142-195-21 Vegur	16
Skógtjörn - 181142-195-22 Túngarður	17
Skógtjörn - 181142-195-23 Brú	17
Skógtjörn - 181142-195-24 Vör	17
Skógtjörn - 181142-195-25 Verbúð	17

Fornbýlið Skógtjörn við Miðskóga á Álftanesi

Fornleifakönnun á bæjarhól

Aðdragandi

Með bréfi dagsettu 7. mars 2001 gerði Þjóðminjasafn Íslands athugasemd við auglýst deiliskipulag innst við götuna Miðskóga á Álftanesi í Bessastaðahreppi. Gunnar Valur Gíslason sveitarstjóri Bessastaðahrepps hafði í framhaldi af því samband við fornleifadeild safnsins og óskaði eftir að hún kannaði hvort fornleifar leyndust á svæðinu.


Agnes Stefánsdóttir, fornleifafræðingur, fór á staðinn 20. mars. Í ljós kom að á lóðinni Miðskógum 22 var búið að grafa grunn fyrir nýju húsi. Miðskógar 22 eru við hlið fjögurra nýrra

lóða sem fyrirhugaðar eru á svæðinu skv. auglýstu deiliskipulagi. Í sniði í grunninum var greinileg móaska sem bendir til mannbústaðar á staðnum. Við könnun á heimildum og viðræðum við sveitarstjórn o.fl. kom í ljós að þarna hafði bærinn Skógtjörn staðið um langan aldur og verið rifinn vikunni áður. Elstu heimildir um Skógtjörn eru frá 13. öld. Eigandi lóðarinnar var beðinn um að stöðva framkvæmdir þar til sniðið hefði verið skoðað nánar.

Þriðjudaginn 3. apríl fóru fornleifafræðingarnir Agnes Stefánsdóttir og Kristinn Magnússon á staðinn og hreinsuðu sniðbakka í grunninum á



Mynd 1. Bessastaðahreppur. Skipulagssvæðið við Skógtjörn er merkt með rauðum hring. (Loftmynd af heimasíðu Bessastaðahrepps).



Mynd 2. Tillaga að breyttu skipulagi við Miðskóga. Könnunarskurðir eru merktir með svörtu á kortið. Minjasvæðið, þar sem bæjarhóll Skógtjarnar hefur verið, er afmarkað með skástriku og brotinni strikalinu.





lóð númer 22 við Miðskóga. Austursniðið reyndist innihalda margvíslegar og þykkar mannvistarleifar. Meðal annars mátti sjá leifar af grjótgardi sem var rúmlega 3,5 m á breidd og a.m.k. 2 m á hæð í sniðinu. Mikið og þykkt móöskulag lá upp að garðinum, sem bendir til þess að móöskunni hafi verið hent upp að honum og að hann sé því eldri en lagið. Ekki var hægt að aldursgreina garðinn eða móöskuna nánar af þeim fundum eða lögum sem voru í sniðinu en þykkt mannvistarlaga bendir til að þau hafi myndast á alllögum tíma.

Sniðið sem um ræðir náði inn í hól sem ber hæst rétt austan við lóðina nr. 22. Þar sem bærinn Skógtjörn er fornbylí var talið líklegt að hóll þessi gæti verið upphaflegi bæjarhóllinn, enda algengt

að bær flyttust til á bæjarhólum gegnum aldirnar. Þann 10. apríl 2001 samþykkti sveitarstjórn Bessastaðahrepps breytingu á deiliskipulagi sem m.a. fól í sér að land austan götuna, innst við Miðskóga, skyldi nýtt sem byggingarland og skipt upp í fjórar lóðir. Samþykktin var gerð með þeim fyrirvara að ekki yrðu heimilaðar neinar byggingarframkvæmdir á lóðunum fjórum fyrr en að lokinni fornleifarannsókn á vettvangi, sem leiða myndi í ljós eðli og umfang hugsanlegra fornleifa á svæðinu.

Forsvarsmenn Bessastaðahrepps fóru fram á það við Þjóðminjasafn Íslands að gera fornleifakönnun á svæðinu. Markmið rannsóknarinnar skyldi vera að reyna að finna umfang bæjarhólsins og afmarka minjasvæði frá framkvæmdarsvæði.

Skógtjörn – Miðskógur
 Bessastaðahreppi 1603
 Teikn. 23. september 2001
 Guðmundur Ólafsson/Kristinn Magnússon



Mynd 3. Sniðteikningar sem sýna jarðlagaskipan í könnunarskurðum 1 - 6.



Mynd 4. Vesturendi skurðar 1. Efst er grjóthleðsla rétt undir yfirborði. Þar undir er blandað ruslslag með skeljum og beinum. Neðst er beinalag.

Úr sögu Skógtjarnar

Anna Ólafsdóttir Björnsson hefur ritað um sögu Álftaness í bók sem út kom 1996. Bókin heitir: *Álftaness saga. Bessastaðahreppur - fortíð og sagnir*. Í bókinni segir um Skógtjörn: „Um byggð utan Bessastaða er fátt vitað með vissu á þjóðveldisöld. Í Sturlungu, sem rituð er á þrettánda og fjórtánda öld, er bæði Skógtjarnar og Eyvindarstaða getið. Í Þórðar sögu kakala er greint frá því að Þórður hafi árið 1248 gefið jörðina Skógtjörn á Álftanesi til Skálholtsstaðar fyrir sál föður síns og móður.“¹

Strax eftir siðaskiptin gekk hirðstjóri konungs, Knútur Steinsson, hart fram í að treysta veraldleg ítök konungs og er Bessastaðasamþykkt frá 1555 afleiðing þess. Samkvæmt henni skipti konungur við Skálholtsbiskup á allmörgum jörðum m.a. á Álftanesi og var Skógtjörn ein þeirra jarða sem þannig lentu í konungseign.²

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 segir: "Jarðadýrleiki er óviss, því jörðin tíundast öngvum. Eigandinn er kóngl. Majestat.

Ábúandinn Eyjólfur Einarsson býr á hálfri, annar Jón Jónsson býr á hálfri."³

Í örnefnalýsingu Skógtjarnar er einnig vitnað í Jarðabók Árna og Páls: "Talin í Jarðabókinni 1703 að verið hafi til forna eitt af aðalbýlunum á Álftanesi. Syðsta býlið."⁴

Vettvangsrannsókn

Guðmundur Ólafsson, deildarstjóri fornleifa-deildar og Kristinn Magnússon fornleifafræðingur, önnuðust fornleifakönnunina sem fór fram dagana 23. og 24. september 2001. Kjartan Antonsson aðstoðaði við gröft könnunarskurða á vélgröfu af JBS gerð með skóflu sem gróf 90 cm breiða skurði.

Grafnir voru 6 könnunarskurðir og þykkt mannvistarlaga könnuð í þeim. Skurðirnir voru tölu-settir og staðsetning þeirra færð inn á skipulagsuppdrátt, (sjá mynd 2).

1 Anna Ólafsdóttir Björnsson, 1996. Bls. 28.

2 Anna Ólafsdóttir Björnsson, 1996. Bls. 45-46.

3 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Þriðja bindi. 1923-1924. Bls. 201.

4 Örnefnalýsing Skógtjarnar. Örnefnastofnun Íslands.



Mynd 5 Grjóthlaðið mannvirki í skurði 2. Vel sést í horn á rúst ofarlega fyrir miðju.

Lýsing skurða og sniða:

Skurður 1.

Skurðurinn var 5,8 m langur. Hann var austan undir hólnum og tekinn upp að honum þar til komið var að grjóthleðslu sem var þar í yfirborði. Vestast var skurðurinn 1,1 m djúpur. Sjá mynd 4. Skurðurinn var grafinn niður á fast sem var gróft grjót og malarruðningur frá ísöld. Neðst var 12 cm þykkt lag af brúnni óhreyfðri mold. Ofan á henni er ruslslag sem er blandað mold, brenndum og óbrenndum beinum, skeljum, viðarkolum og móösku. Þetta lag var um 45 cm þykkt og náði alla leið upp að grasrót. Það var mjög blandað og virtist vera umrótað á þessum stað. Í laginu voru linsur af skeljum og beinum. Þetta voru bein húsdýra, fugla og fiska. Vestast í sniðinu var um 20 cm þykkt beinalag sem var að þynnast þar út og hverfa og verða að dreifðum beinaleifum. Linsur af skeljum voru í miðju laginu. Neðarlega í ruslslaginun nærri vesturenda skurðsins fannst glerbrot úr flösku frá 18. öld (F 1). Staðsetningin er ekki alveg örugg, þar sem brotið hafði dottið úr sniðinu og lá á botni

þegar það fannst. Undir ruslslaginun var lag af brúnni hreyfðri mold. Í laginu voru á nokkrum stöðum litlir blettir, sem eru líklega gjóska, dök og fínkornótt. Tekið var sýni (S 1) af gjóskunni.

Lýsing á sniðteikningu í skurði 1:

1. *Grasrót.*
2. *Ruslslag.* Blandað mold, brenndum og óbrenndum beinum, skeljum, viðarkolum og móösku.
3. *Brún óhreyfð mold.*
4. *Brún hreyfð mold.*
5. *Grjót og malarruðningur frá ísöld.*
6. *Grjóthleðsla frá 19. eða 20. öld.*
7. *Skeljalag.*
8. *Skeljalag.*
9. *Skeljalag*
10. *Beinaleifar.*

F 1. *Glerbrot úr flösku sem á er letrað ártalið 1700.*

S 1. *Gjóskusýni.*



Mynd 6. Vestasti hluti sniðs í skurði 3. Hluti af grjóthleðslu er lengst til vinstri. Fyrir miðju eru rusla- og skeljalög. Neðarlega er dökkt lag sem gæti verið gólfskán.

Skurður 2.

Skurðurinn var 4 m langur og var grafinn um 6 m vestan við skurð 1 (sjá mynd 2). Horn af grjóthleðnu mannvirki kom í ljós í vestari hluta skurðsins, sjá mynd 5. Það virðist vera innri veggjarbrún sem sást í skurðinum. Steinarnir í veggjarhleðslunni voru 25-40 cm í þvermál. Tvær steinaraðir voru sýnilegar í hleðslunni. Innanmál rústarinnar var 1,7 m að breidd. Rústin var rétt undir yfirborði, á um 20-70 cm dýpi. Ekki var grafið dýpra á þessum stað til að skemma ekki minjarnar frekar. Í rústinni fundust skeifa (F 2), postulínsbrot (F 3) og járnhlutur (F 4).

Skurður 3.

Skurðurinn var tæplega 3 m langur. Hann var grafinn samsíða skurði 2 u.þ.b. 1 m norðan við hann og náði lengra í vestur en skurður 2. Sjá mynd 2 og mynd 6.

Lýsing á sniðteikningu í skurði 3:

1. Grasrót og brún mold.
2. Brún mold, uppfylling blönduð mold.
3. Torf, rauðbrúnt, ljósbrúnt og grábrúnt. Í því

var dökkt gjóskulag í torfi.

4. Grábrún mold blönduð með mól og einstaka ögnum af brenndum beinum.
5. Torfhleðsla.
6. Grátt torf, leirkennt, gæti verið hluti af 5.
7. Uppfyllingalag, blandað og laust í sér, grábrún og rauðbrún mold.
8. Torfhleðsla með gráum leirkögglum. Í efri hluta hleðslunaar voru grábrúnir flekkir en rauðbrúnir í neðri hlutanum.
9. Ljósbleik móöskurönd.
10. Ljósbrún mold, óhreyfð.
11. Grjót. Hugsanlega úr hleðslu, e.t.v. hrunin.
12. Skeljalag.
13. Móaska og sót.
14. Grábrún mold. Í laginu voru torfusneplar og móaska.
15. Dökkbrúnt lag. Einstaka móöskublettir. Neðst í laginu voru tveir steinar.
16. Blanda af móösku og mold.
17. Gólfskán? Dökkbrúnt fitukennt lag.
18. Grábrún og brún mold.
19. Grábrún mold með móöskublettum í.
20. Óhreyfð mold.
21. Skurður sem grafinn hefur verið vegna vatns-



Mynd 7. Flöskubrot F-2, með skjaldarmerki: Kóróna yfir stöfunum F5.

lagnar. Plaströr í botni.

22. *Uppfyllingarlag*. Grábrúnt. Í laginu voru skeljar, bein og móaska.

Lag 2 sem er blandað moldarlag liggur eftir endilöngu sniðinu fyrir ofan torfhleðslu, nr. 5. Torfhleðslan skiptir sniðinu í tvennt þar fyrir neðan. Austan við torfhleðsluna einkennist jarðvegurinn af torfi og moldarblönduðum uppfyllingarlögum þar til kemur niður á aðra torfhleðslu, nr. 8. Vestan megin við torfhleðsluna, nr. 5, eru lög sem í eru móaska, sót, skeljar og bein. Þar er einnig dökkbrúnt fitukennt lag sem gæti hafa verið gólflag. Steinhleðsla liggur eftir skurðinum endilöngum á um eins metra dýpi frá yfirborði. Ekki tókst að tengja hleðsluna því sem fram kom í sniðinu með óyggjandi hætti. Í sniðinu fannst brot af vaðsteini (F 6) í sömu hæð og steinhleðslan. Vestarlega í norðurbakka skurðsins, í lagi 2, fannst hringur (F 5) sennilega úr kopar. Grjót- og torfhleðslurnar í skurðinum eru annað hvort leifar fleiri en eins mannvirkis eða leifar fleiri en eins byggingarskeiðs sama mannvirkis sem staðið hefur þarna mjög lengi.

Skurður 4.

Skurðurinn var 9 m langur, grafinn frá suðvestri til norðausturs norðan við skurð 3. Hann er um 60 cm djúpur austast og um 80 cm djúpur vestast. Sjá mynd 1 og 2.

Lýsing á sniðteikningu í skurði 4:

1. *Grasrót.*
2. *Brún mold.*
3. *Móöskudreif, blönduð mold.*
4. *Dökk gjóska.* Líklega úr Kötlu~ 1500. Sýni 2 var tekið úr þessu lagi.
5. *Mold og móöskudreif.*
6. *Ljósbrún mold, óhreyft.*
7. *Ísaldargrjót.*

Þessi skurður virtist vera utan við bæjarhólinn. Móöskudreifarnar neðst í skurðinum benda til þess að þær séu í útjaðri mannvistarlaga. Tekið var sýni (S 2) úr dökka gjóskulaginu nr. 4.

Skurður 5.

Skurðurinn var 3 m langur og 0,5 m djúpur. Sjá staðsetningu á mynd 1 og snið á mynd 2. Í skurðinum voru nánast engar mannvistarleifar. Í vestast horni skurðarins mátti sjá móöskudreif ofan á dökku gjóskulagi sem var á 40 cm dýpi. Móaskan var um 5 cm þykk.

Lýsing á sniði í skurði 5:

1. *Grasrót.*
2. *Brún mold.* Grjót í vestari hluta.
3. *Blönduð mold* og móaska og e.t.v. torfusneplar. Lagið endar í skurðinum.
4. *Gjóska.* Líklega Katla~1500.
5. *Brún mold.*
6. *Óhreyft lag.*
7. *Ísaldarmöl.*

Skurður 6.

Nyrsti skurðurinn sem grafinn var. Tveir metrar á lengd og 1 m á dýpt. Sjá staðsetningu á mynd 2 og snið á mynd 2.

Lýsing á sniði í skurði 6:

8. *Grasrót.*
9. *Brún mold.* Grjót í vestari hluta.
10. *Blönduð mold* og móaska og e.t.v. torfusneplar.
11. *Grábrún og brún blönduð mold.*
12. *Óhreyft lag.*

Erfitt er að segja til um hvort eitthvað hefur verið á þessu svæði og þá hvað. Jarðlög virðast hreyfð og mörkuð umróti.

Funda og sýnaskrá

F-1 *Flöskubrot*, 3 cm í þvm., grænt, með áletruninni: NORDSKE KOMP: 1700. og undir kórónu skjaldarmerkið F5. Það er líklega skjald-



Mynd 8. Vaðsteinn F-6.

armerki Kristjáns konungs 5. sem ríkti í Danmörku frá 1746 - 1766. Lag 2 í skurði 1.

F-2 *Skeifa*. Járn. 9,8 x 7,6 x 1,5 cm.

F-3 *Diskur*, brot. Hvítur glerjungur með gráu trjámunstri. 4,6 x 3,4 x 0,8 cm.

F-4 *Áhald* úr járni. E.t.v. til vélaviðgerða? 14,3 x 3 cm.

F-5 *Hringur*, sívalur 0,4 cm úr kopar. 2,5 cm í þvermál. Nokkuð slitinn.

F-6 *Vaðsteinn*, brot. 17,5 x 10 x 5,3 cm.

F-7 *Dýrabein* úr lagi 10 í skurði 1.

S-1 *Gjóskusýni* úr lagi 4, skurði 1.

S-2 *Gjóskusýni* úr lagi 4, skurði 4.

Niðurstaða rannsóknar

Í skurðum nr. 1, 2, og 3 komu fram miklar mannvistarleifar, allt að 1 m að þykkt, sem virðast hafa hlaðist upp frá því snemma á miðöldum til upphafs 20. aldar. Á því svæði má því vænta minja frá bæjarstæði Skógtjarnar.

Í skurði nr. 4 voru mannvistarlög orðin mjög moldarblönduð, sem bendir til þess að þar sé komið að jaðri bæjarhólsins.

Í skurði nr. 5 voru nánast engar mannvistarleifar.

Í skurði nr. 6 voru svipaðar leifar og í skurði 5, en ofan á þeim virtust vera leifar af 19. aldar hleðslu sem jöfnuð hefur verið út.

Magnús Á. Sigurgeirsson jarðfræðingur rannsakaði tvö gjóskusýni sem tekin voru í skurðunum. Annað var úr gjóskuflekk í skurði 1 og hitt úr gjóskulagi í skurði 4, lag 4. Niðurstaða Magnúsar var að sýnin væru ekki úr sama gjóskulaginu. Með þeirri takmörkuðu rannsókn sem Magnús gerði á sýnunum gat hann ekki

greint sýnið úr skurði 1. Hann taldi hins vegar ýmislegt benda til að gjóskulagið í skurði 4 væri úr eldgosi sem varð í Kötlu í kringum árið 1500 e.kr. Öruggar vísbendingar um mannvist greindust undir þessu lagi. Þar með er þó ekki sagt að minjarnar hafi verið aldursgreindar með vissu, en ljóst er að þær vitna um búsetu á þessum stað, a.m.k. í 500 - 600 ár.

Helsta niðurstaða könnunarinnar er því sú að á syðstu lóðinni og syðri hluta göngustígasvæðis á fyrirhuguðu skipulagssvæði séu fornleifar sem ekki má hrófla frekar við án undangenginnar rannsóknar. Minjasvæðið sem nauðsynlegt er að varðveita er sýnt skástríkað á hjálögðum skipulagsupprætti, (sjá mynd 2). Einnig lendir fyrirhugað vegstæði á milli Miðskóga 22 og Tjarnarlands fyrir miðju hins forna bæjarhóls og er ekki hægt að heimila að þar verði grafið fyrir vegi án undangenginnar rannsóknar.

Þrjár nyrstu lóðirnar á skipulagssvæðinu og vegstæði vestan við þær virðist vera utan við eiginlegan bæjarhól Skógtjarnar, þótt þar votti aðeins fyrir ummerkjum um mannvist. Ekki þykir ástæða til þess að gera athugasemdir við framkvæmdir á þessum þremur lóðum.

Heimildir

Anna Ólafsdóttir Björnsson. *Álftaness saga*. Bessastaðahreppur - fortíð og sagnir. 1996.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Þriðja bindi. Gefin út af hinu íslenska fræðafjelagi í Kaupmannahöfn. Kaupmannahöfn 1923-1924.

J. Johnsen 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn. *Örnefnalýsing Skógtjarnar*. Örnefnastofnun Íslands.

Fornleifaskrá

Tilgangur fornleifaskráningar

Í 11. gr. nýrra Þjóðminjalaga nr. 107/2001 er ákvæði um að skylt sé að skrá fornleifar á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess. Tilgangur þjóðminjalaganna er að tryggja eins og best verður á kosið varðveislu menningarsögulegra minja þjóðarinnar (sbr 1. gr.), þar á meðal fornleifa. Í 9. grein laganna er eftirfarandi skilgreining á því hvað telja skuli til fornleifa.

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10.

grein laganna segir að fornleifum megi enginn "spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins." Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það þjóðminjayfirvöldum. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun þjóðminjayfirvalda liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 13. gr.).

Friðlýstar fornleifar njóta ríkari verndar en aðrar friðaðar fornleifar. Um friðlýsingar er fjallað í 11. gr. þjóðminjalaganna, en þar segir:

Fornleifavernd ríkisins ákveður hvaða fornleifar skuli friðlýstar. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar. Friðlýsa má samfelld svæði, minjasvæði, þar sem fleiri en einn minjastaður telst hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Friðlýsingu fornleifa skal birta í Stjórnartíðindum og staðurinn og ytri mörk hans tilgreind svo nákvæmlega sem unnt er á korti eða á annan hátt. Fornleifavernd ríkisins skal sjá til þess að friðlýstar fornleifar eða minjasvæði séu merkt með sérstökum merkjum. Tilkynna skal landeiganda og ábúanda með sannanlegum hætti um friðlýsinguna. Friðlýsingu fornleifa skal þinglýsa sem kvöð á landareign þá sem í hlut á. Þeim minjum, sem friðlýstar eru, skal fylgja 20 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum fornleifa og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Um stærra svæði skal leita samþykkis landeiganda. Friðlýstar fornleifar skulu færðar á skipulagskort.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknnum og kynningum.

En það er ekki síður hagur þeirra sem stýra

hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að finnist, öllum að óvörum, fornleifar sem nauðsynlegt verður að rannsaka. Auk kostnaðar við fornleifarannsóknir geta tafir á framkvæmdum haft mikinn kostnað í för með sér.

Björgunaruppgröftur sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaaðilum er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Almennt er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Þjóðminjasafni Íslands um framkvæmdirnar með fyrirvara og getur safnið krafist þess að þeim sé frestað uns fornleifarannsókn hefur farið fram. Þeir, sem standa fyrir meiri háttar framkvæmdum, bera kostnað af fornleifarannsóknnum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna (sjá 14. gr. þjml.).

Fornleifaskráning

Í fornleifaskráningu Þjóðminjasafns Íslands eru minjar skráðar í gagnagrunninn SARP. Fornleifarnar eru flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847.⁴

Jarðirnar eru auðkenndar með upphafsstaf eða -stöfum heitis jarðarinnar og tveimur númerum; í fyrsta lagi 6 stafa landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt Jarðatali Johnsens (40). Þar að auki eru fornleifunum gefin raðnúmer innan hverrar jarðar fyrir sig. Skógtjörn hefur því skráningarnúmerið **Skógtjörn - 181142-195-1 Bústaður**.

Tegund, hlutverk, heiti og heimildir

Í örfáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslag-

⁴ J. Johnsen. Jarðatal á Íslandi.

inu, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að "heimild" sé til um t.a.m. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu. Ef skráningin byggir aðeins á heimildavinnu og ekki hefur verið farið á staðinn er tegundin skráð sem heimild.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Gíslakot, er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra er lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. fjós eða hlaða.

Vísað er í helstu ritheimildir um hverja hinna skráðu fornleifa. Hér eru einnig skráðar heimildir sem stuðst er við í fyrri kafla um staðhætti og lýsingu, en ekki neðanmáls eins og þó er gert í öðrum texta þessarar skýrslu. Ræðst það af því að fornleifaskráningin á helst að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar.

Skógtjörn - 181142-195

Svæðisskráning Skógtjarnar var gerð jafnhliða fornleifakönnuninni. Það er fyrsta stig fornleifaskráningar og þýðir að aðeins var farið var í ritaðar heimildir og þær skráðar í gagnagrunn Þjóðminjasafns. Agnes Stefánsdóttir fornleifafræðingur skráði upplýsingarnar.

Skógtjörn - 181142-195-1 Bústaður

Sérheiti: Skógtjörn

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

"Talin í Jarðabókinni 1703 að verið hafi til forna eitt af aðalbýlunum á Álftanesi. Syðsta býlið." (Örn)

Heimildaskrá

Örnefnalýsing Skógtjarnar. Örnefnastofnun Íslands.

Skógtjörn - 181142-195-2 Túngarður

Sérheiti: Skógtjarnartúngarður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

"Túngarður hlaðinn grjóti á austurkant og má enn sjá garðbrot á aðra kanta túnsins." (Örn)

Heimildaskrá

Örnefnalýsing Skógtjarnar. Örnefnastofnun Íslands.

Skógtjörn - 181142-195-3 Landamerki**Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

"Markasteinn X. Grár steinn sem stóð við Brekkutraðir milli túna Brekku og Skógtjarnar." (Örn)

Heimildaskrá

Örnefnalýsing Skógtjarnar. Örnefnastofnun Íslands.

Skógtjörn - 181142-195-4 Landamerki**Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

"Markasteinn Y: Steinn þessi var við eystra horn Moldarhúsgarðs." (Örn)

Heimildaskrá

Örnefnalýsing Skógtjarnar. Örnefnastofnun Íslands.

Skógtjörn - 181142-195-5 Landamerki**Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

"Markasteinn Z: Steinn þessi var við norðanverða Skógtjarnarbala." (Örn)

Heimildaskrá

Örnefnalýsing Skógtjarnar. Örnefnastofnun Íslands.

Skógtjörn - 181142-195-6 Brunnur**Sérheiti: Skógtjarnarbrunnur****Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

"Hann var nokkurn spöl fyrir austan Skógtjörn. ... Brunnurinn var stór um sig og hefur verið hlaðinn." (Örn)

"Vatnið var afskaplega misjafnt að gæðum, Skógtjarnarbrunnurinn þótti til dæmis sérstaklega góður." (Anna Ólafsdóttir Björnsson, 207)

Heimildaskrá

Anna Ólafsdóttir Björnsson. Álftaness saga. Bessastaðahreppur - fortíð og sagnir. 1996. Örnefnalýsing Skógtjarnar. Örnefnastofnun Íslands.

Skógtjörn - 181142-195-7 Leið**Sérheiti: Brunnatan****Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

"Hún lá frá brunninum heim til Skógtjarnar.

Einnig láu götur og stígar heim til hjáleignanna og þurrabúðanna." (Örn)

Heimildaskrá

Örnefnalýsing Skógtjarnar. Örnefnastofnun Íslands.

Skógtjörn - 181142-195-8 Garður**Sérheiti: Mýrargarður?****Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

"Garðbrot fram undan Skógtjörn í litlum mýrabletti þar." (Örn)

Heimildaskrá

Örnefnalýsing Skógtjarnar. Örnefnastofnun Íslands.

Skógtjörn - 181142-195-9 Vegur**Sérheiti: Sýsluvegur****Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

"Vegur lagður af sýslunefnd frá Selskarði vestur fyrir melinn og mýrina heim undir Skógtjörn." (Örn)

Sýsluvegurinn var einnig kallaður þjóðvegur í sumum plöggum, en mun upphaflega verið kallaður Alfaravegur, "en þá var hér um að ræða aðeins troðninga. Lá hann frá Selskarði vestur um skógtjörn eftir Sviðholtströðum og norður og austur nesið allt að Breiðabólstöðum. Breiðamýri var aldrei farin, hún var eitt sökkvandi fen, fúin og keldótt." (Örn)

Heimildaskrá

Örnefnalýsing Skógtjarnar. Örnefnastofnun Íslands.

Skógtjörn - 181142-195-10 Þurrabúð**Sérheiti: Moldarhús****Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

"Var þurrabúð eða hjáleiga frá Skógtjörn. Stóð ofar og norðar í túninu. Rétt við Alfaravegin." (Örn)

Heimildaskrá

Örnefnalýsing Skógtjarnar. Örnefnastofnun Íslands.

Skógtjörn - 181142-195-11 Gerði**Sérheiti: Moldarhústún****Tegund: Heimild 465****Staðhættir og lýsing**

"Túnskækill eða gerði við Moldarhús." (Örn)
Heimildaskrá
Örnefnalýsing Skógtjarnar. Örnefnastofnun Íslands.

Skógtjörn - 181142-195-12 Þurrabúð
Sérheiti: Gíslakot
Tegund: Heimild 465
Staðhættir og lýsing
"Svo hét ein þurrabúðin í Skógtjarnarlandi" (Örn)
Heimildaskrá
Örnefnalýsing Skógtjarnar. Örnefnastofnun Íslands.

Skógtjörn - 181142-195-13 Gerði
Sérheiti: Gíslakotstún
Tegund: Heimild 465
Staðhættir og lýsing
"Tún eða gerði þessarar þurrabúðar. Mun hafa verið lítið." (Örn)
Heimildaskrá
Örnefnalýsing Skógtjarnar. Örnefnastofnun Íslands.

Skógtjörn - 181142-195-14 Þurrabúð
Sérheiti: Dómhildarkot
Tegund: Heimild 465
Staðhættir og lýsing
"Þurrabúð aðeins austar en Gíslakot í Skógtjarnarlandi" (Örn)
Heimildaskrá
Örnefnalýsing Skógtjarnar. Örnefnastofnun Íslands.

Skógtjörn - 181142-195-15 Gerði
Sérheiti: Dómhildarkotsgerði
Tegund: Heimild 465
Staðhættir og lýsing
"Gerði við þessa þurrabúð eða aðeins kálgarður." (Örn)
Heimildaskrá
Örnefnalýsing Skógtjarnar. Örnefnastofnun Íslands.

Skógtjörn - 181142-195-16 Þurrabúð
Sérheiti: Eysteinkot
Tegund: Heimild 465
Staðhættir og lýsing
"Þurrabúð austur frá Gíslakoti nær Skógtjörn en

Dómhildarkot." (Örn)
Heimildaskrá
Örnefnalýsing Skógtjarnar. Örnefnastofnun Íslands.

Skógtjörn - 181142-195-17 Gerði
Sérheiti: Eysteinkotstún
Tegund: Heimild 465
Staðhættir og lýsing
"Tún eða gerði þessarar þurrabúðar." (Örn)
Heimildaskrá
Örnefnalýsing Skógtjarnar. Örnefnastofnun Íslands.

Skógtjörn - 181142-195-18 Þurrabúð
Sérheiti: Hólakot
Tegund: Heimild 465
Staðhættir og lýsing
"Þurrabúð í Skógtjarnarlandi austur frá Eysteinkoti." (Örn)
Heimildaskrá
Örnefnalýsing Skógtjarnar. Örnefnastofnun Íslands.

Skógtjörn - 181142-195-19 Gerði
Sérheiti: Hólakotstún
Tegund: Heimild 465
Staðhættir og lýsing
"Túnskiki eða gerði við þessa þurrabúð." (Örn)
Heimildaskrá
Örnefnalýsing Skógtjarnar. Örnefnastofnun Íslands.

Skógtjörn - 181142-195-20 Þurrabúð
Sérheiti: Lásakot
Tegund: Heimild 465
Staðhættir og lýsing
"Þurrabúð í Skógtjarnarlandi, austasta kotið. Þar var búið einna lengst af þurrabúðum Skógtjarnar." Í eina tíð var kotið kallað Skógtjarnarkot. (Örn)
Heimildaskrá
Örnefnalýsing Skógtjarnar. Örnefnastofnun Íslands.

Skógtjörn - 181142-195-21 Vegur
Sérheiti: Lásatúnsbrunnagata
Tegund: Heimild 465
Staðhættir og lýsing
"Hún lá heiman frá Lásakoti að Skógtjarnar-

brunni." (Örn)

Heimildaskrá

Örnefnalýsing Skógtjarnar. Örnefnastofnun Íslands.

Skógtjörn - 181142-195-22 Túngarður

Sérheiti: Lásakotstúngarður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

"Túngarður var austan til við kotið." (Örn)

Heimildaskrá

Örnefnalýsing Skógtjarnar. Örnefnastofnun Íslands.

Skógtjörn - 181142-195-23 Brú

Sérheiti: Steinbogi

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

"Svo mun hafa heitið göngugarður hlaðinn yfir Ósinn. En hann er nú löngu horfinn, en nafnið hefur haldist við." Einnig kallaður Óssteinbogi. (Örn)

Heimildaskrá

Örnefnalýsing Skógtjarnar. Örnefnastofnun Íslands.

Skógtjörn - 181142-195-24 Vör

Sérheiti: Skógtjarnarvör

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

"Var við Helguvíð sunnanverða." (Örn)

Heimildaskrá

Örnefnalýsing Skógtjarnar. Örnefnastofnun Íslands.

Skógtjörn - 181142-195-25 Verbúð

Sérheiti: Skógtjarnarbúð

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

"Hún stóð á malarkampinum syðst." (Örn)

Heimildaskrá

Örnefnalýsing Skógtjarnar. Örnefnastofnun Íslands.

Rannsóknaskýrslur 2001

1 Járngerðarstaðir í Grindavík og hjáleigur.
Fornleifaskráning.
Agnes Stefánsdóttir.

2 Beinafundur í Öfundarholti.
Guðmundur Ólafsson og Kristinn Magnússon.

3 Fornbýlið Skógtjörn við Miðskóga á Álftanesi.
Fornleifakönnun á bæjarhól.
Guðmundur Ólafsson og Kristinn Magnússon.



ÞJÓÐMINJASAFN
ÍSLANDS